



265. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 20. janúar 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, forseti bæjarstjórnar, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 469 dags. 13.01.2011. Fundargerð framlögð.

Liður 4 fundargerð skipulags og byggingarnefndar dags 10.01.2011 (135. fundur).
Fundargerð framlögð.

Liður 4 Tangagata 5, stækkun á lóð, breyting á aðkomu og fjölgun bílastæða. Gústaf G. Ómarsson og Jóhanna Esjarsdóttir sækja um að stækka lóð Tangagötu 5 niður að Ægisgötu, ennfremur að aðkoma að húsi og bílastæði verði frá Ægisgötu., sbr. bréf dags. 29.12.2011. Nefndin leggur til að grenndarkynna erindið fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 6, 9 og 11.

Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 5 til og með 13.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Hesthúsabyggð, deiliskipulagstillaga. Lögð fram deiliskipulagstillaga af hesthúsasvæði Hesteigendafélagsins Fákaborgar í Stykkishólmi teiknað af Glámu Kím /Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 10.01.2011. Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: ÍHS,EE og GS

Fundargerð samþykkt.

Lóðaumsóknir

Liður 12 lóðarumsókn frá Útgerðarfélaginu Engey ehf. dags. 10.12.2010.
Bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmann Útgerðarfélagsins Engeyjar ehf.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:GDP,DS,LÁH,BA,ÍHS og GS

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

Liður 30 bréf Eflingar Stykkishólms dags. 08.12.2010 varðandi málefni Eflingar.

Samþykkt að óska eftir fundi við stjórn Eflingar Stykkishólms.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 bréf Mattíasar Þorgrímssonar f.h. hljómsveitarinnar Draugabana, dags, 05.01.2011 Efni; Umsókn um afnot af íþróttahúsi.

Bæjarstjóra falið að svara hljómsveitinni Draugabönnum. Bæjarstjóra, formanni æskulýðs-og íþróttanefndar ásamt forstöðumanni Íþróttamiðstöðvar Stykkishólms, falið að móta tillögur að reglum um afnot af íþróttamiðstöð til annarra nota en íþróttaiðkunar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:DS,BA,GDP,ÍHS og LÁH

Liður 32 tillaga frá bæjarstjóra dags. 12.01.2011 varðandi reglur um akstursstyrki og dagpeninga.

Reglur um endurgjald vegna aksturs og dagpeninga fyrir starfsfólk Stykkishólmsbæjar

Tillaga

Reglur um greiðslur vegna aksturs starfsmanna hjá Stykkishólmsbæ.

1. Stykkishólmsbær á bifreið sem er staðsett í Ráðhúsinu. Ef starfsmenn eru að fara á vegum bæjarins skulu þeir athuga hvort bifreiðin er laus. Ef bifreiðin er laus skulu starfsmenn nota hana til aksturs. Ef hún er ekki laus skal starfsmaður fá greidda akstursdagpeninga vegna ferða á eigin bifreið. Sjá lið nr. 2



2. Ef starfsmaður notar eigin bifreið til ferðalaga vegna erinda á vegum Stykkishólmsbæjar skal viðkomandi starfsmanni greitt er skv. reglum Ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Greitt er fyrir ekna kílómetra utan Stykkishólmsbæjar. Skila skal inn akstursskýrslu með upplýsingum um hvert keyrt var og tilefni ferðar.
3. Sé starf viðkomandi starfsmanns háð miklum innanbæjarakstri er heimilt að meta akstur og greiða viðkomandi miðað við fasta kílómetratölu á mánuði. Skal starfsmaður taka saman akstur 3ja mánaða og skulu þær upplýsingar vera notaðar sem forsenda fyrir ákvörðun um fastar greiðslur fyrir akstur hvers mánaðar.

Reglur um greiðslur vegna ferðalaga starfsmanna Stykkishólmsbæjar.

1. Kostnaður vegna gistingar og fæðis innanlands vegna ferða á vegum Stykkishólmsbæjar skal greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn.
2. Við sérstakar aðstæður er heimilt að greiða dagpeninga skv. reglum Ferðakostnaðarnefndar. Leita þarf fyrirfram samþykkis yfirmanns ef óskað er eftir greiðslu dagpeninga.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Samþykkt að segja upp samningum um akstur við starfsmenn Stykkishólmsbæjar og bæjarstjóra falið að endurskoða aksturssamninga með tilliti til samþykkttra reglna.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 33 bréf Félags-/skólaþjónustu Snæfellinga dags. 12.01.2011 varðandi ósk um staðfestingu samningsumboðs.

Samþykkt að veita stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd Stykkishólmsbæjar við Stéttarfélag í almannaðjónustu SFR.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 34 tölvubréf forstöðumanns Félags og skólaþjónustu Snæfellsness, dags, 06.01.2011 Efni: Innt eftir afstöðu sveitarstjórna til meðfylgjandi erindis velferðarráðherra.

Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar stjórnar FSSF.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Annað

Liður 37 útboðsgögn Stykkishólmur vegna smábátaviðlega.

Samþykkt að bjóða út smábátaviðlegu samkvæmt fyrirbyggjandi útboðsgögnum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: GDP,ÍHS,GS og BA

1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 470 dags. 18.01.2011.

Fundargerð framlögð.

1. 1012036 - Bréf Sjávarútvegsráðuneytis, dags 22.12.2010 varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðársins 2010/2011.

Bæjarráð hefur farið yfir og endurskoðað sérreglur varðandi úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2010/2011, að fengnum ábendingum frá fulltrúum Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis og Fiskistofu.

Sérreglur vegna úthlutunar byggðarkvóta fiskveiðiársins 2010/2011 í Stykkishólmi. Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011. Ákvæði reglugerðar 999/2010 gilda með eftirfarandi breytingu á 4. gr. reglugerðarinnar. Bátar geta fallið undir alla neðangreinda liði að uppfylltum skilyrðum.

- A) 125 þorskígildistonnum skal úthlutað til þeirra sem orðið hafa fyrir samdrætti í vinnslu á skel. Einungis þeir aðilar sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti verði úthlutað hlutdeild samkvæmt þessum lið. Það eru bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2010 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvótanum verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2010. Nú á útgerðin aðra báta sem hlutdeildin er ekki á og er henni heimilt að láta Fiskistofu úthluta byggðakvótanum á þá, svo framarlega sem útgerð og eigandi er sami aðilinn.
- B) 15 þorskígildistonnum skal úthlutað vegna samdráttar í veiðum og vinnslu á úthafsækju í Stykkishólmi. Einungis bátum þeirra aðila sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum og vinnslu á úthafsækju í Stykkishólmi, á fiskveiðiárinu 2004/2005 samkvæmt reglugerð nr. 273/2005, verði úthlutað jöfn hlutdeild samkvæmt þessum lið, enda geri umsækjandi sérstaklega grein fyrir skerðingunni í umsókn sinni.
- C) 110 þorskígildistonnum skal úthlutað í hlutfalli við kvótabundinn bolfiskafla í þorskígildum sem keyrður var beint til vinnslu í Stykkishólmi og/eða landaðan



kvótabundinn bolfiskafla í þorskígildum í Stykkishólmshöfn. Aðeins þeir bátar sem flutt hafa beint til vinnslu í Stykkishólmi og/eða landað í Stykkishólmshöfn kvótabundnum bolfiskafla sem nemur samtals 20 þorskígildistonnnum eða meira á fiskveiðiárinu 2009/2010 fá úthlutað samkvæmt þessum lið.

Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: GDP,LÁH,DS,EE og GS

Bæjarstjórn þakkar Jóni Bjarnasyni landbúnaðar-og sjávarútvegsráðherra fyrir jákvæð viðbrögð varðandi beiðni bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar á endurskoðun úthlutunar byggðakvóta.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð Safna og menningarmálanefndar dags. 11.12.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.2. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 07.12.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 04.01.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tók: LÁH,GDP og BA

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þakkar starfsmönnum Dvalarheimilisins fyrir að skipuleggja félagsstarf fyrir vistmenn yfir jólavikurnar.

2.4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.01.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

3. Fjármál

3.1. Þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árin 2012-2014 – seinni umræða.

Þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árin 2012-2014 samþykkt með fjórum atkvæðum þrír sátu hjá.

Bókun D-lista vegna þriggja ára áætlunar árunna 2012-2014

Í þriggja ára áætluninni er ekki gert ráð fyrir byggingu tónlistarskóla. Við teljum það miður, en í bréfi Reynis Ragnarssonar endurskoðanda kemur fram, jafnframt



viðvörðun um að farið skuli með gát, að Stykkishólmsbær getur staðið undir þeirri framkvæmd m.a. með skuldbreytingum en samt staðið væntanleg viðmið um skuldahlutfall strax á árinu 2014.

Bæjarfulltrúar L-listans fela aðgerðarleysi sitt í skjóli viðmiðunar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um skuldahlutfall. Nýjar reglur um fjármál sveitarfélaga, sem hafa verið í mótun, hafa ekki enn verið settar og því ekki skuldbindandi fyrir sveitarfélögin. Bæjarfulltrúar D-listans telja því að nú sé svigrúm í núverandi atvinnuástandi og rétt af Stykkishólmsbæ að fara í byggingaframkvæmdir við nýjan tónlistarskóla.

Fari fram sem horfir í aðgerðarleysi og stefnu meirihluta bæjarstjórnar Stykkishólms, verður ekki hugað að byggingu eða öðrum stærri framkvæmdum fyrr en í fyrsta lagi á árinu 2018.

Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Guðlaug Ágústsdóttir

Til máls tóku: GDP,LÁH,GS og DS

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:00
Þór Örn Jónsson**